

Reykjavík 05.12.2019



Til:

Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur

Vegna:

Klifurfélags Reykjavíkur – Beiðni um aðstoð við að komast í betra húsnæði

Leigusamningur um húsnæðið við Ármúla rennur út í júní árið 2023 og því er ljóst að finna þarf annað og hentugra húsnæði undir starfseminna. Eigendur húsnæðisins hafa önnur áform um nýtingu.

Það er mat stjórnar Klifurfélags Reykjavíkur að stærð húsnæðisins komi jafnframt í veg fyrir alla frekari uppbyggingu félagsins og í leiðinni framgang íþróttarinnar á Íslandi.

Klifurfélag Reykjavíkur óskar því eftir aðstoð frá ÍTR og ÍBR við að koma starfseminni í stærra og hentugra húsnæði.

Við vonum innilega að hægt sé að koma þessum málum í farveg sem allra fyrst.

Með kveðju,

Stjórn Klifurfélags Reykjavíkur.

Klifurhúsið

Klifurfélag Reykjavíkur er íþróttafélag þeirra sem stunda klifuríþróttir í höfuðborginni. Klifurhúsið er aðstaða félagsins, rekið af Klifurfélagi Reykjavíkur, staðsett í Ármúla 23. Iðkendafjöldi hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum, bæði meðal þeirra sem æfa klifur sem keppnisíþrótt en ekki síður þeirra sem stunda klifur sér til eflingar og heilsuræktar. Leigusamningur um húsnæðið við Ármúla rennur út í júní árið 2023 og því er ljóst að finna þarf annað og hentugra húsnæði undir starfsemi. Hér á eftir fara nokkrir punktar um rekstur og starfsemi Klifurhússins.

Fjármál

Æfingagjöld og áskriftir voru alls 44,5 m.kr. á árinu 2018. Tekjur voru alls tæpar 60,5 m.kr. Laun eru langstærsti útgjaldaliðurinn, eða 41,08 m.kr. Húsaleiga er 959 þúsund á mánuði og stendur ÍTR straum af þeim kostnaði.

Iðkendatölur

Þegar þetta er ritað æfa um 1207 manns reglulega í Klifurhúsinu. Auk þeirra sem æfa og eiga kort í Klifurhúsinu voru 6847 stakar heimsóknir á árinu sem svara til um 570 heimsókna í mánuði.



Fjöldi seldar korta árið 2018 voru 802 það má sjá skiptingu þeirra á mynd hér fyrir neðan. 656 einstaklingar tóku þátt í námskeið og æfingar.

Börn og unglingardeild 495



Fullorðnir 161

Sumarnámskeið 247

Námskeið og æfingar



Kynjaskipting



Viðauki I

Sportklifur: Er sú tegund klifurs sem fer fram í háum veggjum eða klettum sem eru á bilinu 10-30 metrar. Klifrarar eru þá bundnir í línu sem ver þá fyrir falli sem er þrædd í fasta bolta á leiðinni upp. Þessi tegund klifurs nýtur mestrar vinsælda erlendis en er ekki í boði hjá Klifurhúsinu vegna óhentugs húsnæðis.

Grjótglíma: (e. boulder) Er sú tegund klifurs fer fram í lágum veggjum, klettum eða grjótum. Hæðin er oftast á bilinu 3-5 metrar og dýna fyrir neðan ver klifrara í falli. Klifrari er ekki bundinn af því að vera með félagi til þess að stunda grjótglímu eins og í sportklifri. Þetta er sú tegund klifurs sem er í boði hjá Klifurhúsinu.

Almennar upplýsingar um starfsemi Klifurfélags Reykjavíkur:

- Klifurfélag Reykjavíkur rekur Klifurhúsið – Stærð húsnæðis 890m² – Lofthæð rúmir 7m
- Klifurfélag Reykjavíkur hefur verið starfandi frá febrúar 2002. Forveri Klifurfélags Reykjavíkur var Klifurfélagið Vektor sem starfaði frá árinu 1997
- Klifur er fjölskyldusport og aldurshópurinn frá 4-5 ára til 50+
- Klifurnámskeið eru haldin allan ársins hring fyrir börn, unglunga og fullorðna
- Klifurnámskeið hafa verið haldin á sumrin í samstarfi við ÍTR
- Íslandsmeistaramótaröð í klifri hefur verið haldið um árabil. Ekki er óalgengt að yfir 120 klifrarar taki þátt hverju sinni.
- Klifurfélagið hefur reglulega sent þátttakendur á mót erlendis, oft með góðum árangri og nú síðast á norðurlandamótinu í klifri .
- Klifurfélagið hefur sent krakka erlendis í klifuræfingabúðir í samstarfi við klifurfélögin á norðurlöndunum.
- Klifurfélagið stendur að uppbyggingu á helstu útiklifursvæðum landsins og fjárfestir í klifurfestum sem komið er fyrir á þessum svæðum til að tryggja öryggi klifrara. Auk þess að sjá um viðhald og eftirlit með þessum festum
- Vinnustaðahópar, afmælishópar o.fl. sækja mikið í að koma og klifra
- Margir björgunarsveitmenn æfa sig í Klifurhúsinu, það væri einnig mikill fengur fyrir þá að komast í góðan sportklifurvegg (línuvegg) hjá Klifurfélaginu og geta æft sig við betri aðstæður og boðið upp á námskeið fyrir félagsmenn sína við kjör aðstæður

Parfirnar

Framtíðarhúsnæði þarf að uppfylla nokkur skilyrði. Flatarmál þyrfti að vera einhversstaðar á bilinu 2000 til 3.000 fermetrar. Hæstu klifurveggir þyrftu að ná tólf til fimmtán metra hæð. Gera þarf sérstakt svæði fyrir yngstu börnin, upphitunar- og líkamsræktarsvæði, litla skrifstofu og verslun ásamt möguleika á kaffihúsi og ekki síst búningasklefa og sturtuaðstöðu. Það er mat húsnæðisnefndar að besta staðsetningin fyrir nýtt Klifurhús sé í grennd við raunmiðju borgarinnar, til dæmis nálægt Laugardal eða Elliðaárdal. Staðsetningin þarf að bjóða upp á hentugar almenningsangöngur.

Hugsað til framtíðar

Það er flókið mál að flytja rekstur Klifurhússins og reynslan sýnir að við þurfum að finna húsa-kost sem dugar í allangan tíma. Þess vegna er áriðandi að eigandi húsnæðis eða leigusali hafi sambærilega framtíðarsýn.

Toppstöðin

Húsnæði Toppstöðvarinnar í Elliðaárdal hefur vakið verðskuldaða athygli húsnæðisnefndar Klifurhússins. Reykavíkurborg hefur þegar auglýst eftir hugmyndum um framtíðarnýtingu hússins og telur nefndin að í Toppstöðinni liggi einstakt tækifæri fyrir KFR og Reykavíkurborg í sam-einingu. Hægt væri að útbúa fyrirtaks aðstöðu fyrir klifrara á Íslandi þar sem hægt væri að höfða til annars útivistarfólks í Elliðaárdal, jafnvel með rekstri kaffihúss, aðstöðu til jógaíðkunar o.fl.

Klätterverket

Meðfylgjandi er slóð að klifurhúsnæði í Stokkhólmi sem svipar til Toppstöðvarinnar að mörgu leiti: http://www.klatterverket.se/?post_type=news&p=2619

	Rými	Gólfplötur m2	Lofthæð m	Athugasemdir
Klifursalur: Leiðsluklifur		300	12-18	Veggir bæði lóðréttir og halla yfir sig allt að 45°
Klifursalur: Kennsluveggir		100	10	Veggir nokkuð lóðréttir
Samtals:	400	10-18	Línuklifur—opið rými	
Klifursalur: Grjótglíma	1000	3.5-5	Mætti t.d. vera undir eða ofan á rýmum sem eru hér fyrir neðan	
Klifursalur: Kennsluveggir, hópar	500	3.5-5	Sérrými fyrir kennslu og hópa.	
Æfingarsalur	60	3.5-5	Hálfopið rými, má vera hluti af klifursal	
Samtals:	1560	3.5-5	Grjótglíma—hálfopið rými	
Gripageymsla	40	3.5	Lokað rými, nálægt útihúsi	
Upphitunaraðstaða og lyftingaaðstaða	160	3-4	Opið rými, má vera hluti af klifursal	
Salur f. afmæli, myndarsýningar	60+10	3	Lokað eða hálfopið rými (t.d. á svölum)	
Fjölnotasalur	60	3-4	Lokað rými	
Verslun/ lager f. verslun	20+20	2.65	Mætti vera samföst afgreiðslu	
Geymsla	15	2.65	Lokað rými	
Afgreiðsla og búnaðarleiga	15	2.65	Lokað rými	
Skrifstofa	10	2.65	Lokað rými	
6x Klósett	10	2.65	3 x kvenna, 3 x karla + 2 pyssuskálar	
6x Sturtur	10	2.65	3 x kvenna, 3 x karla	
Búningaástaða	2x40	2.65	Lokað rými með klósett og sturtu	
Kaffihús og Eldhús	80	3	Hálfopið rými í og við klifursal, svo sé að horfa á klifrið.	
Samtals:	590	2.65-4		
Samtals húsnæði:	2550	2.65-18		